

Mars 2013

Komið sæl

Febrúar, sem hefur aðeins að geyma 28 daga, er nú á enda og tími til að takast á við marsmánuð en við skulum aðeins fara yfir nokkur atriði.

Dagur leikskólans þann 6. febrúar var ánægjulegur í alla staði, fengum marga gesti og foreldrar komu með bakkelsi til að gleðja maga viðstaddra. Takk kærlega fyrir veittar veitingar og ánægjulegan dag.

Í febrúar var svo bolludagurinn og var boðið uppá rjótabollur, sprengidagurinn kom með saltkjöti og baunasúpu og fannst sumum vanta flugelda þann daginn "hvenær verða sprengjurnar?" Á Öskudaginn mættu börn og starsfólk í búningum og var "kötturinn" sleginn úr tunnunni. Við fengum nokkra foreldra í heimsókn og nokkur börn komu og tóku lagið fyrir Halldóru og Möggu í eldhúsinu og fengu að launum súkkulaðibita.

Við heimsóttum Kátakot með elstu börnin og gekk heimsóknin vel. Tilgangur heimsóknarinnar er að börnin hitti starfsfólkið, börnin og kynnist húsakynnum og lóð.

Í tónlistarstundum með Heimi í febrúar var þverflauta hljóðfæri mánaðarins og lag mánaðarins Porrarpræll. Börnin eru mjög spennt fyrir þessum stundum og takast þær mjög vel. Það er gaman að segja frá því að Sigríður, dóttir Sigrúnar Ingibjargar, kom í heimókn til okkar í tónlistarstund og spilaði á þverflautu fyrir börnin. Við þökkum henni kærlega fyrir.

Nú í mars er nóg að gera og hvetjum við foreldra til að skoða fréttabréfið og skóladagatal til upplýsinga. Varðandi starfsmannamál þá er Sigrún I. farin í veikindaleyfi frá 1-20 mars og kemur Guðrún Hulda og leysir af og verður starfandi fram að sumarleyfi í afleysingum. Bjarney og Arna eru einnig að fara í veikindaleyfi frá 4-8 mars og ætlar Þórunn Andrésdóttir að leysa af og mun eitthvað flakka milli Hólakots og Skýjaborgar. Ég Drífa mun einnig leysa af að hluta.

Drífa Þórarinsdóttir, leikskólastjóri.

Foreldraráð 2012-2013

Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

Erna Þórey (Vala Katrín og Egill Bjarki)
Hanna Kristín (Hákon Þór)
Helga (Eyrún Hekla)
Karl Ingi Atlason (Bríet Þóra)

Mars

Foreldrasamtöl Skakkaland

Vetrarleikar 7. mars
Gulur dagur 27. mars

Miðvikudaginn 6. mars

Lokar kl 12:15

Vinsamlegast slökkvið á bíllvélum

Leggið ekki í stæðið næst skólanum (við inngang skýjaborgar), það er ætlað fötluðum og vöruflutningabílum.



Foreldrafélag Krílakots Skólaárið 2011-2012

Ágústa Kristín (mamma Magneu)
Guðrún Ósk (mamma Ásdísar Ingu)
Snæþór (pabbi Hólmars Elí)

Stöndum saman að velferð barna okkar



Uppbyggingarstefnan

Sáttnálinn okkar byggir á ákveðnum þáttum sem við teljum mikilvægt að takast á við.

"Notum inniröddina"
"Göngum inni"

"Kennarastóll er fyrir kennara"
"Við erum góð við hvert annað"
Það eru allir jafnir óháð stöðu,
aldri, þjóðerni og kyni.

Áhrif



Tilheyra



Frelsi



Gleði



Öryggi



Sýnum jákvæðni og stöndum saman.


Veldu þér viðhorf

Með því að velja okkur viðhorf getum við sjálf ákveðið hvernig við tökumst á við daginn.



Öskudagur 2013

Skoðið heimasíðu og sjáið fleiri myndir frá þessum skemmtilega degi þar sem kötturinn var sleginn úr tunnunni, sungið og dansað.



Smá hugleiðing

Ef börn og kennarar eru í samverustund, hvíld eða upptekin við leik og störf þegar þið sækid börnin. Vinsamlegast reynið að trufla ekki s.s. að banka á gluggann eða kalla heldur koma inn og sækja barnið í rólegheitum t.d. Á þetta við Hólakot sem snýr út að bílastæði. Það truflar stundina og börnin missa einbeitingu. Við viljum líka minna á að foreldrar eru ávallt velkomnir í heimsókn og taka þátt í leik og starfi.



Grænfáinn

Pappír er efniviður sem við notum mikið í leikskólanum en hann kostar mikið og mikilvægt að endurnýta og vinna hann. Okkur datt í hug að óska eftir við foreldra að ef þeir kaupa kornflögur að í stað þess að henda öllum kassanum, að klippa stærri hliðarnar úr og færa okkur svo við getum nýtt pappann til að teikna á og mála á.

"Allt er vænt sem vel er grænt"

Starfsmannafundur

Leikskólinn lokar klukkan 12:15 miðvikudaginn 6. mars.

School is closed

6. mars

Time: 12:15-16:15



Vetrarleikar 2013

Fimmtudaginn 7. mars verða vetrarleikar í samstarfi við Kátakot og vinabekkur okkar 5. bekkur heimsækir okkur og aðstoðar í brekkunni. Við hvetjum foreldra til þátttöku og verða leikarnir frá 10-11. Kátakot og árgangur 2009 fara í brekkuna með kennurum sínum en árgangar 2010 og 2011 verða inni á lóðinni með sínum kennurum og verða litlir vetrarleikar þar með þrautabraut og fjöri. Við fáum óvæntan gest til að setja leikana, fyrst í brekkunni og svo kemur viðkomandi og setur leikana hér inni á lóðinni líka. Kjósi foreldrar yngstu barnanna að fara út fyrir lóðina eru þau í umsjón foreldra og foreldrar koma þeim aftur til kennara sinna að því loknu.

Bestu kveðjur og sjáumst fersk.